



FUNDARGERÐ 478. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 14. mars 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:37. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Orri Hlöðversson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Afgreiðsla ársreiknings SORPU bs. 2022

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, tekur sæti undir þessum lið.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir ársreikningi SORPU 2022.

Theodór og Sigrún víkja af fundi klukkan 08:20.

Stjórn samþykkir og staðfestir ársreikninginn.

2. Staða brennsluverkefnis

Valgeir Páll Björnsson, tækni- og verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti undir þessum lið klukkan 08:33. Valgeir gerir grein fyrir vinnu verkefnis við könnun fýsileika þess að byggja sorpbrennslu til að mæta þörfum höfuðborgarsvæðisins og nærsvaitarfélögum á suðvesturhorninu. Samtal um verkefnið hefur verið virkt á vettvangi sorpsamlaga á Suðvesturlandi og virðist mikill áhugi á aðkomu að verkefni þessu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að könnun á fýsileika á uppbyggingu á sorpbrennslu, gerð viðskiptaáætlana og halda áfram samtölum við hagaðila á vettvangi úrgangsmála um uppbyggingu á sorpbrennslu.

Valgeir víkur af fundi klukkan 09:12.

3. Stefnumótun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir undirbúningsvinnu að stefnumótun fyrir SORPU. Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:



„Stjórn SORPU fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra á fundi 14. febrúar sl. að kanna frekar inntak tillagna að stefnumótunarferli fyrir samlagið sem aflað hafði verið frá fjórum ráðgjafarfyrirtækjum og gera tillögu um samstarfsaðila. Eftir að hafa kynnt sér nánar fyrirbyggjandi tillögur að stefnumótunarferli og reynslu viðkomandi ráðgjafa m.a. með tilliti til tæknilegrar þekkingar á sviði úrgangsmála og reynslu af vinnu með fyrirtækjum á því sviði varð það að niðurstöðu þeirra að mæla með því að gengið yrði til samninga við danska ráðgjafarfyrirtækið Valcon A/S.

Í ljósi þessa er það ákvörðun stjórnar að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Valcon A/S um að stýra stefnumótun samlagsins.“

4. Önnur mál

Rætt var um umfjöllun í fjölmiðlum um framtíð forvinnslulínu í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi.

5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 11. apríl 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:37.

Stjórn SORPU bs.
B.t. Valdimars Víðissonar

Umsögn um ársreikning SORPU fyrir árið 2022

Meðal verkefna endurskoðunarnefndar SORPU bs. fyrir hönd stjórnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og hafa eftirlit með ytri endurskoðun félagsins.


Endurskoðunarnefndin átti nokkra fundi með ytri endurskoðendum, Grant Thornton endurskoðun ehf. (hér eftir GT), í tengslum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar á samstæðu Reykjavíkurborgar og komu málefni SORPU til umræðu á þeim fundum.

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu á drögum að ársreikningi 2022 á fundi þann 13. þ.m. Á fundinum lögðu GT fram skýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings 2022 sem þeir kynntu fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnendum félagsins. Í skýrslunni koma fram helstu áhersluatriði, áhættuþættir og niðurstöður endurskoðunarinnar.

Fram kemur í endurskoðunarskýrslu GT og drögum að áritun að ársreikningurinn verði áritaður fyrirvaralausri áritun.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu fyrir stjórn

Virðingarfyllst,



f.h. endurskoðunarnefndar

Lára Finnbogason